

- c) Til þróunar á stjórnsýslu og/eða þjónustu sveitarfélags fyrstu fjögur árin eftir sameiningu.

4. gr.

Ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs getur samþykkt nánari vinnureglur um framkvæmd þessara reglna.

5. gr.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 98. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, með síðari breytingum og a-lið 11. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, með síðari breytingum, og öðlast þær þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi reglur um fjárhagslega aðstoð Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til að greiða fyrir sameiningu sveitarfélaga, nr. 619/1994, með síðari breytingum.

Ákvæði til bráðabirgða.

Framlög skv. e- og f-lið 1. gr. greiðast aðeins til sveitarfélaga þar sem sameining hefur tekið gildi 1. janúar 2001 og síðar.

Útreikningur útgjaldajöfnunarframlaga skv. e-lið 1. gr. til sveitarfélaga sem sameinuðust árið 2002 skal miðast við áætlun sjóðsins um framlög, sem sveitarfélögin hefðu fengið úthlutað á árinu 2003 á grundvelli 13. gr. reglugerðar um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, nr. 113/2003, hefði ekki komið til sameiningar.

Félagsmálaráðuneytinu, 9. apríl 2003.

Páll Pétursson.

Garðar Jónsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 473/2001, um námskeið og próf fyrir viðurkennda bókara.

1. gr.

3. gr. orðist svo:

Prófnefnd tekur ákvörðun um prófsefni það sem prófað er úr. Námskeiðið skiptist í þrjá hluta, I. hluta, upplýsingamiðlun og upplýsingakerfi, II. hluta, reikningshald, og III. hluta, skattskil. Miða skal við að kennsla í I. hluta verði 30 klst., kennsla í II. hluta verði 38 klst. og kennsla í III. hluta verði 38 klst. Að loknum námskeiðum skal halda próf úr öllum hlutum. Kennslugreinar eru þessar og skiptast þannig á milli námskeiðshluta:

I. hluti

Rafræn skattskil einstaklinga og lögaðila.

Öryggismál í netkerfum.

Áhrif upplýsingatækninnar á reikningshaldskerfi.

Reikningshaldslegt innra eftirlit í viðskiptaferlum.

II. hluti

Grundvallarreglur reikningsskila.
Lög og reikningsskilavenjur.
Reikningsskilagerð.

III. hluti

Lög og reglur.
Samskipti við skattýfirvöld.
Úrskurðir, dómar og álit.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í 43. gr. laga nr. 145/1994, um bókhald með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytinu, 16. apríl 2003.

F. h. r.

Ragnheiður Snorradóttir.

Elva Ósk S. Wium.

REGLUGERÐ

um arðsfrádrátt.

1. gr.

Frá tekjum hlutafélaga, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, og félaga og samlaga sem falla undir 2. og 4. tölul. 1. mgr. 2. gr. sömu laga má draga þá fjárhæð sem þessir lögaðilar hafa fengið greidda í arð, skv. 4. tölul. C-liðar 7. gr. laganna, af hlutum og hlutabréfum í félögum, er greinir í 1. tölul. 1. mgr. 2. gr. laganna.

2. gr.

Ákvæði 1. gr. skal einnig taka til arðs frá hlutafélögum sem skráð eru erlendis ef það félag sem arðinn fær sýnir fram á að hagnaður hins erlenda félags hafi verið skattlagður með sambærilegum hætti og gert er hér á landi.

Til þess að hagnaður erlends félags teljist skattlagður með sambærilegum hætti þurfa eftirfarandi skilyrði að vera uppfyllt:

1. Það skatthlutfall sem lagt er á hagnað erlends félags skal eigi vera lægra en almennt skatthlutfall í einhverju aðildarríkja Efnahags- og framfarastofnunarinnar í París (OECD), hvort sem skatturinn rennur til ríkis, fylkis eða sveitarfélags.
2. Hagnaður félagsins skal hafa verið skattlagður í heimilisfestisríki þess með tekjuskatti en ekki einvörðungu lögð á félagið tiltekin gjöld sem taka ekki mið af tekjum þess.
3. Skattareglur heimilisfestisríkis félagsins heimili eigi frádrátt frá tekjum vegna útgreidds arðs.
4. Hagnaður, sem skattstofn, hjá erlenda félaginu hafi verið ákvarðaður á grundvelli sömu meginsjónarmiða og liggja að baki ákvörðun hagnaðar samkvæmt lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt.